



Námsáætlun

ENSK3hr05 vorönn 2021

Kennarar:Fríða Gylfadóttir og Sigríður Anna Ásgeirsdóttir

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að kenna nemendum að beita þeim rithefðum sem notaðar eru í enskumælandi löndum og farið í þætti eins og inngang með efnisyfirlingum, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag. Nemendur þjálfast í að leita heimilda, t.d. á Netinu, og vinna úr þeim samkvæmt APA-kerfinu. Áfanginn er á þriðja hæfniprepi skv. Aðalnámskrá framhaldsskóla. Á þessu þrepi fer fram sérhæfður undirbúningur undir háskólanám. Ætlast er til að nemendur geti unnið sjálfstætt, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna og metið eigin störf.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- formlegum og fræðilegum orðaforða sem tengist ritun, orðstofnum og uppruna þeirra
- hefðum sem eiga við um talað og ritað mál, t.d. mismunandi málsnið

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræði- og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, sem er metið með verkefnum og prófum
- skrifa gagnorða og skilmerkilega texta sem taka mið af því hver lesandinn er, sem er metið með verkefnum og prófum
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin, sem er metið með verkefnum og prófum
- geta lagt gagnrýnið mat á texta, sem er metið með verkefnum og prófum

Kennslugögn:

Folse, K. S., Muchmore-Vokoun, A., Solomon, E. V. (2014). *Great Writing 4* (4th ed.). Boston: National Geographic Learning/Cengage Learning.

Viðbótargögn frá kennara, aðgengileg á Innu.

Námsmat:

Annareinkunn 100%

Great Writing 4 + AWL (52%) & orðmyndun (8%)

- | | |
|--|-----|
| • GW4 verkefni Unit 1, 3, 5 & 6 | 8% |
| • AWL (pp. 183 + 184) | 7% |
| • tvær tímaritgerðir (5% & 12%) | 17% |
| • próf úr <i>Great Writing 4</i> kaflar 1, 3, 5, 6 | 20% |
| • orðmyndun og forskeyti | 8% |

Heimildaritgerð og munnleg kynning - 40%

- | | |
|-------------------------------|-----|
| • heimildaritgerð | |
| ○ hugmyndavinna og beinagrind | 4% |
| ○ viðtal og drög | 8% |
| ○ lokaritgerð | 20% |
| • munnleg vörn á ritgerðinni | 8% |



Vinnuálag nemenda: Vinna í 5 eininga áfanga á að vera 90 til 120 klst. vinna á önn. Þar af eru 36 til 56 klukkustundir fyrir utan skólastofuna

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 25.-28. feb.	Kynning á áfanga, heimildaritgerð og Academic Word List <i>Great Writing 4</i> - Unit 1 Exploring the Essay & Academic Word List (abandon-conduct)	Ígrundun. Unit 1 (2%)	
02. 2.-6. mars.	<i>Great Writing 4</i> - Unit 1 Exploring the Essay Additional Grammar Activities 1-8 <i>Great Writing 4</i> - Unit 3 Comparison Essays & AWL (confer-identical)	Unit 3 (2%) Tímaritgerð – Unit 3 (5%)	6.mars úrsagnareindagi
03. 9.-13. mars.	<i>Great Writing 4</i> - Unit 3 Comparison Essays & AWL <i>Great Writing 4</i> - Unit 5 Argument Essays & AWL (ethnic-layer)	Unit 5 (2%) AWL TEST p. 183 (3,5%)	
04. 16.-20. mars.	<i>Great Writing 4</i> - Unit 5 Argument Essays & AWL (lecture-region) Additional Grammar Activities 9-18	Unit 6 (2%) Tímaritgerð – Unit 5 (12%)	
05. 23.-25. mars.	<i>Great Writing 4</i> - Unit 6 Other Forms of Academic Writing & AWL (register-widepread)	AWL TEST p. 184 (3,5%)	Miðannarmat hefst. 26.-27. mars. Námsmatsdagar, sjúkrapróf
06. 30.mars.-3. apr.	<i>Great Writing 4</i> – Upprifjun og undirbúningur fyrir próf.	Próf úr GW4 Units 1, 3, 5, 6 & AWL (20%)	
6. apr.-14. apr.páskafrí			
07. 15.-17. apr.	Orðmyndun, latnesk og grísk forskeyti.		



08. 20.-24. apr.	Orðmyndun, latnesk og grísk forskeyti.	Próf úr orðmyndun, latneskum og grískum forskeytum (8%)	23.apr.sumardagurinn fyrsti.
09. 27.-30. apr.	Heimildaritgerð: hugmyndavinna og beinagrind. Kynning á heimildaleit og APA skráningu.	Nemendur skila hugmyndavinnu og beinagrind (4%)	1.maí er verkalýðsdagurinn.
10. 5.-8. maí.	Heimildaritgerð: viðtal og drög. EKKI ER HÆGT AÐ SKIPTA UM RITGERÐAREFNI EFTIR VIKU 10.	Viðtal: Nemendur mæta í viðtal með drög að ritgerð (700 orð) og fá endurgjöf (8%)	4.maí námsmatsdagur, sjúkrapróf.
11. 11.-15. maí.	Heimildaritgerð: lokaskil.	Nemendur skila heimildaritgerð (20%)	
12. 18.-20. maí.	Heimildaritgerð: munnlegvörn.	Munnleg vörn (8%)	

Próf eru 22.-26. maí. Brautskráning 30.maí.

- Áfanginn er kenndur á ensku.
- Áætlunin miðast við að nemendur mæti undirbúnir í hverja kennslustund.
- Áætlunin er ekki bindandi og getur breyst í samræmi við framgang á önninni.
- Nemendum ber að skila verkefnum í gegnum Innu og Turnitin, sé þess óskað. Ekki verður tekið við verkefnum í tölvupósti nema í samráði við kennara.
- Prófum og verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. Ef verkefnum er ekki skilað á réttum tíma dregst – 1 frá einkunn fyrir hvern dag í allt að 3 daga. Eftir þann tíma verður ekki tekið við verkefnum. Í sérstökum tilvikum skulu nemendur hafa samband við kennara, t.d. með tölvupósti. Sé nemandi ekki með útskýrða fjarvist þegar próf eru lögð fyrir á hann ekki rétt á að taka sjúkrapróf.
- Nemandi sem ekki lýkur prófum á önninni vegna veikinda þarf að gera ráð fyrir að mæta í sjúkrapróf á námsmatsdögum á önninni og/eða í lok annar.
- Frammistaða nemenda verður metin á miðri önn (miðannarmat).

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá einkunnina 4,5 fyrir heimildaritgerð. Ef nemandi fær 4,0 eða minna fyrir heimildaritgerð er það ritgerðareinkunn sem gildir sem lokaeinkunn. Nemandi þarf að skila heimildaritgerðinni inn í Turnitin áður en hann mætir í munnlega vörn. Einkunn fyrir heimildaritgerð er ekki gefin upp fyrir munnlega vörn.

Smiðja:

Ætlast er að nemendur mæti í smiðju 2-3 sinnum á önninni. Smiðjutímar verða nýttir í yfirferð prófa og verkefna; til að vinna upp verkefni; eða til að fá aðstoð við námið. **Mikilvægt er að nemendur mæti í smiðju þegar unnið er að heimildaritgerð til að fá leiðsögn.**



Nytsamlegar krækjur á Netinu:

[Longman Dictionary of Contemporary English](#)

[Merriam Webster](#)

[Cambridge Advanced Learner's Dictionary](#)

[Free Dictionary Thesaurus](#)

[Snara](#)

Academic word list (akademískur orðaforði)

<http://www.englishvocabularyexercises.com/AWL/>

[Grammarly](#)

[AWL highlighter](#)

Online Writing Lab (APA-heimildakerfið)

<https://owl.english.purdue.edu/owl/resource/560/01/>

FG bókasafn (heimildir)

<http://fg.is/thjonusta/bokasafn/heimildir/>

Automatic bibliography maker (gagnvirk heimildaskráning)

<http://www.bibme.org/>

Ritstuldur:

Nemandi sem tekur texta beint af vefsíðu (*copy/paste*) eða upp úr bók gerir sig sekan um ritstuld. Þegar nemandi tekur orðréttan og stafréttan texta annars í ritsmíð sína er talað um beinar tilvitnanir. **Stutt tilvitnun** (færri en 40 orð eða 2-3 línur) fellur eðlilega inn í texta og er afmörkuð með gæsalöppum. **Lengri tilvitnanir** eru afmarkaðar með því að draga orðréttu málsgreinarnar inn sem nemur fimm stafabilum og minnka línubil úr 1,5 í 1. Nemendum er ráðlagt að nota langar tilvitnanir í hófi og miða við að bein tilvitnun sé ekki lengri en sem nemur 10 línur.

Óbeinar tilvitnanir kallast það þegar nemandi endursegir og umorðar texta annars og notar í ritsmíð sína. Sjá <http://fg.is/thjonusta/bokasafn/heimildir/>

Nemandi sem er staðinn að ritstuldi fær einkunnina núll fyrir verkefnið.

Með von um farsæla önn og ánægjulegt samstarf!

Fríða og Sigríður Anna